

# NORÐURLJÓS

2. tbl. 2014

Fréttabréf Norðuráls



**Sumarhátíð STNA**

**Réttar venjur, öruggar venjur**

**Góður árangur í umhverfismálum 2013**

**Þorir þú að vera fatlaður?**

# Efnisyfirlit

## 6 Norðurálsmótið 2014

Fjör og fótbolti á Skaganum þegar Norðurálsmótið var haldið í þritugasta sinn. Talið er að fjöldi gesta hafi verið 5000.

## 10 Eftirspurn eftir áli hefur aldrei verið meiri

Frumframleiðsla á áli innan ESB dregst saman á sama tíma og eftirspurn eftir áli á heimsvísu hefur aldrei verið meiri.

## 8 Réttar venjur, öruggar venjur

Við þurfum að tileinka okkur réttustu og öruggustu handtökin og aðferðirnar strax í upphafi.

## 12 Góður árangur í umhverfismálum 2013

Losun efna og áhrif álversins á umhverfið eru vel undir öllum viðmiðunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi og reglugerðum.

## 14 Finnst ég eiga svolítið í þessu

Rætt við Halldór Guðmundsson, deildarstjóra framleiðslustýringar, um lífið í og utan vinnu.

## 20 Þorir þú að vera fatlaður?

Æsispennandi hjólastólahandbolti þar sem Norðurálsmenn fóru hamförum.

## 24 Stóriðjuskólinn á fullu stími

Nemendur Stóriðjuskólans hafa haft ýmislegt fyrir stafni frá því skóla lauk í vor. Sumir spiluðu golf á meðan aðrir gengu í það heilaga.

## 26 Sumarhátíð STNA

Um 300 manns voru á Þórisstöðum síðustu helgina í júlí, á sumarhátíð Starfsmannafélags Norðuráls.

## 31 Golfsumarið rúllar af stað

GONA gerir upp rétt hálfnað sumargolfið.



## Heil og sæl

Að þessu sinni eru samfélagsverkefni Norðuráls fyrirferðarmikil í blaðinu. Fyrirtækið styrkir um hundrað verkefni ár hvert, bæði stór og smá, sem full ástæða er að beina sjónum að. Öll hafa það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Það helst í hendur við eitt af skilgreindum hlutverkum Norðuráls sem er að vera ábyrgur þegn í samfélaginu.

Saga hugtaksins samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er í raun býsna löng og skilgreining þess hefur þróast í árunna rás. Að fyrirtæki, starfsmenn þeirra eða eigendur efla komandi kynslóðir og stuðli að framförum í samfélaginu er til dæmis ein. Skuldbindingar sem fyrirtæki kjósa að taka á sig gagnvart starfsfólki, umhverfi og viðskiptavinum umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, lögum eða reglugerðum er önnur.

Einfaldasta og kannski besta skilgreiningin kemur þó úr smiðju Línu Langsokks: „Sá sem er mjög sterkur verður að vera mjög góður.“ Hversu frábært væri nú ef allir hefðu það í huga, fólk og fyrirtæki ...og hvenær hefur Lína haft rangt fyrir sér?

*Bestu kveðjur,  
Sólveig*



# NORÐURLJÓS

**Ritstjórar:** Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason

**Ábyrgð:** Ágúst F. Hafberg

## Ritnefnd:

Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Harpa Björg Guðfinnsdóttir, Sigurður Arnar Árnason, og Sverrir Þór Guðmundsson.

**Myndir:** Ása Birna Viðarsdóttir, Rafael Pinho, Ingi R. Ingason o.fl.

**Forsíðumynd:** Sigurður Arnar Sigurðsson

**Hönnun og umbrot:** Ómar Örn Sigurðsson

# Kæra samstarfsfólk

Mikil eftirspurn er nú eftir svokölluðu bílamelmi en það er silicium blandað ál og er til dæmis notað í bílfelgur.

Það er fyllsta ástæða að huga vel að öryggismálunum um þessar mundir og brýnt að við leggjumst öll á eitt við að tryggja öryggi okkar sjálfra og samstarfsmanna. Ég minni á að ekkert verkefni er svo mikilvægt að við getum leyft okkur að slá af öryggiskröfum til að vinna það.

Hátt hlutfall sumarstarfsfólks frá fyrri sumrum skilaði sér til starfa á ný í sumar, með áunna reynslu og kunnáttu í farteskinu. Þau sem eru að koma í fyrsta sinn gefa góð fyrirheit um farsæld í starfi og hafa sýnt metnað í að öðlast færni. Þau hafa náð tökum á framleiðslustörfum, viðhaldsstörfum og öðrum verkefnum sem þau sinna víðs vegar um fyrirtækið. Mikil ábyrgð hvílir á reyndari starfsmönnum að sýna gott fordæmi í öryggishegðun. Sérstaklega vil ég benda á að reyndari starfsmenn sýni gott fordæmi í notkun persónuhlífa eins og hanska, hnakkahlífa og rykgríma.

Framleiðslan hefur gengið vel eftir að orkuskerðingunni var aflétt. Lág vatnsstaða var í lónum Landsvirkjunar í vetur og því var gripið til þess

ráðs að draga tímabundið úr orkunotkun. Hjá Norðuráli voru ker tekin úr rekstri og straumur lækkaður á báðum



kerlínunum. Uppkeyrsla tókst með ágætum og búið er að setja öll ker inn aftur og hækka straum á báðum kerlínunum upp fyrir það gildi sem var fyrir skerðingu.

Við blasa nýjar áskoranir vegna melmisframleiðslu í steypuskála. Við að blanda silicium í álið fær það aukinn styrk. Við höfum verið að gera tilraunir með melmisframleiðslu í samvinnu við felguframleiðendur í Þýskalandi. Það hefur gengið mjög vel og gert okkur kleift að þróa aðferðir til að uppfylla kröfur um gæði efnisins. Lokahnykkurinn í þessu ferli er að setja upp hreinsibúnað

á steypulínu 3 en reiknað er með að þær framkvæmdir verði nú í ágúst. Þegar því er lokið þarf að fara í gegnum sérstakt vottunarferli þar sem viðskiptavinurinn sannfærir um að við getum uppfyllt allar gæðakröfur. Ef vel á að ganga kallar þetta á mikla skipulagningu og góða samvinnu milli steypuskála og kerskála.

Ég minni svo á að heitir sumardagar geta verið mikil áskoran fyrir starfsfólk. Mikilvægt er að huga vel að heilsunni og passa að mæta vökvatapi í heitu umhverfi með því að drekka vatn reglulega.

Gunnar Guðlaugsson  
Framkvæmdastjóri Norðuráls  
á Grundartanga



## Ál frá norðuráli í nýjum Mercedes Benz

Nýjasta gerð C-Class bílsins frá Mercedes Benz var frumsýndur hér á landi á ásfundi Samáls, 20.maí. Eins og með marga nýja bíla í dag er mikið af áli notað við smíði hans og svo skemmtilega vill til að hluti þess er framleiddur hjá Norðuráli á Grundartanga. Bíllinn er að 50% hluta úr áli, en forveri hans var aðeins byggður að 10% hluta úr áli. Fyrir vikið hefur bíllinn lést um 100 kíló og bæði eyðsla og akstureiginleikar hans hafa batnað til muna. Bílablað Fréttablaðsins hefur reynslukeyði bílnum og léttleiki hans og góðir eiginleikar við akstur sönnuðust í þeim akstri. Bíllinn eyddi aðeins 6 lítrum á hverja 100 km í borgarumferðinni, sem þykir gott fyrir svo stóran bíl með öflugna 2,2 lítra dísilvél.



## Athugið!

Hjúkrunarfræðingur er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Læknir er með viðveru á miðvikudögum. Starfsmenn geta bókað sig hjá læknum með því að hringja í síma hjúkrunarfræðings: 430-1037 eða gsm: 664-8500 Einnig má að senda tölvupóst á: [hjukrun@nordural.is](mailto:hjukrun@nordural.is)

# Gott starf hjá Þjóti

Norðurál gaf öllum félögum í Þjóti á Akranesi íþróttagalla og boli nú nýverið en myndin var einmitt tekin þegar íþróttafólkið kom saman og vígði nýju búningana.

Um 30 iðkendur á öllum aldri sækja æfingar hjá Þjóti og er aðaláherslan lögð á sund og boccia. Þjótur er eitt af aðildarfélögum Íþróttabandalags Akraness og Íþróttasambands fatlaðra. Á undanförunum árum hefur komið upp öflugur hópur iðkenda sem unnið hefur til verðlauna á Íslandsmeistaramótum fatlaðra víðsvegar um landið.



Í vor var haldin pizzaveisla og um leið voru nýju búningarnir teknir í notkun. Á myndina vantar nokkra iðkendur íþróttarátt hjá Þjóti.

# Nýsköpun og framfarir

**DT Equipment og Norðurál gera samstarfssamning um þróun greiningarbúnaðar fyrir rauntíma efnagreiningu á áli og rafslasn í kerskálum álvera.**

Frumkvöðlafyrirtækið DT Equipment er þróunarfyrirtæki fyrir búnað framleiðslufyrirtækja. Stofnendur þess koma allir af verkfræðistofunni Verkís og hafa samanlagt yfir 30 ára reynslu í ráðgjöf innan álgeirans.


Samningurinn við Norðurál felur í sér þróun á búnaði fyrir rauntímagreiningar í framleiðslunni, sem getur leitt til mikils orkusparnaðar og annarra ávinninga í rekstri. Norðurál styrkir þróunarverkefnið fjárhagslega og mun veita DT Equipment aðstoð og aðgengi við þróun og prófanir á búnaðinum við raunaðstæður. Þessi samningur er mjög dýrmætur DT Equipment og í anda þess hvernig fyrirtækið vill

starfa. Það er mjög náð og í samstarfi við viðskiptavinum sína.



## Gerðu góð kaup

Gleraugu, reiðhjól, útivistarfatnaður, bílaskoðun, bensín og málning. Starfsmenn Norðuráls fá afslátt hjá meira en 30 sölu- og þjónustuaðilum. Upplýsingar má finna undir flípanum KORKTAFLA á forsiðu Innransnetsins



Karl Ágúst Matthíasson, Gunnar Guðlaugsson og Sveinn Hinrik Guðmundsson við undirritunina.

# Ert þú búin/n að ganga frá þínum málum?

## Skattfrjálst eigið framlag í séreignasjóð hækkar úr 2% í 4%

Frá 1. júlí 2014 geta starfsmenn á ný greitt allt að 4% af launum

## Starfsmannaþjónustan svarar fúslega þeim spurningum sem upp kunna að koma!

í viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst. Tímabundin lækkun iðgjalds launþega úr 4% í 2%, sem var í gildi frá byrjun árs 2012 samkvæmt lögum, rann þá út. Norðuráli ber því að hækka aftur framlag starfsmanns í séreignasjóð í þá prósentutölu sem hver og einn greiddi fyrir lagabreytinguna 2012.

Óskir þú að greiða áfram 2% eða minna í séreignasjóð þá þarf að berast nýr samningur frá séreignasjóði þínum um þá breytingu.

Athugið að þau sem hófu störf seinna en 1. janúar 2012 ákveða sjálf hvort þau vilja hækka framlag sitt.

Starfsmannaþjónustan svarar fúslega þeim spurningum sem upp kunna að koma!

## Framvegis verður framlag í séreignasjóð eftirfarandi:

Framlag starfsmanns	Framlag fyrirtækis	Heildarframlag
1%	4,5%	5,5%
2%	5,5%	7,5%
3%	6,5%	9,5%
4%	6,5%	10,5%

## Gestgangur

Norðurljós rakst á þennan vaska hóp á vappi í verksmiðjunni í sumar. Þar var á ferðinni framkvæmdastjórn Norðuráls ásamt Ragnari Guðmundssyni, forstjóra Norðuráls og Mike Bless, forstjóra Century Aluminum.



## Bátur starfsmannafélagsins

Starfsmannafélagið á bát með utanborðsmótor. Mikil ásókn hefur verið í að fá bátinn til afnota einkum til sjóstangveiða á sumrin. Hefur margur veiðimaðurinn komið með drjúgan afla að landi eftir góðan dag úti á Faxaflóa. Á vorin og haustin hafa starfsmenn notað hann til svartfuglsveiða á sama svæði. Báturinn þykir ekki hentugur á vötnum þar sem hann er stór; hætta er á

vélar- og skrúfuskemmdum á grynningum.

Fyrirtækið hefur notað bátinn talsvert við sýnatökur í Hvalfirði í tengslum við umhverfisvöktun. Hefur báturinn verið brúkaður til að koma fyrir mælibaujum í flæðigryfjunni en myndin sem fylgir greininni er tekin þegar Hjálmar Jónsson, vélvirki og „skipherra“ ásamt Sævari Pálssyni unnu að því verki.





## Norðurálsmótið 2014

### Fjölskyldu- og fótboltahátið drengja í sjöunda flokki

Norðurálsmótið var haldið í þrítugasta sinn í sumar, en við viljum auðvitað meina að um sé að ræða veglegasta fótboltamót landsins fyrir 6-8 ára drengi. Þrjú lið mættu til leiks fyrsta mótsárið en í ár voru liðin 144 frá 26 félögum og þátttakendur voru yfir 1200.

Eftir skrudgöngu í blíðskaparveðri söfnuðust drengirnir saman í Íþróttahöllinni þar sem Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, setti mótið. Á vellinum mátti svo sjá glæsileg tilbrif eins og við var að búast. Hundruð sjálfboðaliða eiga þakkir skildar. Þeir lögðu á sig mikla vinnu til að gera mótið sem allra best úr garði fyrir þátttakendur og fjölskyldur þeirra en talið er að gestafjöldi hafi verið um 5000.





# Réttar venjur, öruggar venjur

Öll þurfum við aðstoð einhverntíma, hvort sem það er aðstoð við erfitt verkefni, sérstakar leiðbeiningar um nýtt verk sem við eru óvön að vinna eða sérfræðihjálp um meðhöndlun varasamra efna eða búnaðar.

Mikilvægust er sú aðstoð sem við veitum nýju starfsfólki í upphafi því þau munu þróa með sér vana sem munu fylgja þeim allan starfsferil þeirra. Þess vegna þurfa byrjendur að læra réttustu og öruggustu handtökin og aðferðirnar strax í upphafi þannig að þau hafi

góðan grunn til að byrja með. Athugulir stjórnendur og starfsmenn vita að við erum öll vanaföst og þeir vita hvernig hægt er að láta vanafestuna vinna fyrir sig:

- > Réttir ávanar draga úr mistökum.
- > Réttir ávanar leiða starfsmenn alla vaktina og firra þá ráðleysi og óöryggi sem gæti valdið slyshættu.
- > Réttir ávanar geta byggt upp varabirgðir af athygli og orku sem gerir starfsmenn betur vakandi fyrir hættum.

- > Réttir ávanar eru afkastaaukandi, minnka tímaeyðslu og gera sérhvert verk auðveldara.

## RÉTTIR ÁVANAR DRAGA ÚR MISTÖKUM

Réttar venjur eru uppbyggilegar og gera verk að vanaverkum og oft sjálfvirk. Með réttum venjum getur meira að segja oft skapast

umframtími sem nota má til að finna leiðir til að vinna gott verk betur og á öruggari hátt, afkastameiri og ánægjulegri.

Best af öllu er samt að gera verkin rétt strax í upphafi og síðan alltaf. Ekki eingöngu til að gera starfið öruggara, árangursríkara og meira fullnægjandi heldur einnig til að skapa góðan og vinsamlegan starfsanda meðal samstarfsmanna.

Þegar þú leggur þig fram um að bæta samstarf og liðsanda getur það orðið ávani sem rétt er að hlúa að og styrkja. Þannig gefur þú gott fordæmi fyrir samstarfsmenn þína.







# AÍ

## Eftirspurnin aldrei verið meiri

Eins undarlegt og það er hefur frumframleiðsla á áli innan Evrópusambandsins dregist verulega saman á sama tíma og eftirspurn eftir áli hefur aldrei verið meiri í heiminum.

**D**etta kom fram í máli Gerd Götz, framkvæmdastjóra Evrópsku álsamtakanna, sem var gestur á ársfundi Samáls í maímánuði.


Þar sagði hann að frumframleiðsla innan Evrópusambandsins hefði dregist saman um 36%. Það hefði stuðlað að því að yfir 50% af öllu áli sem notað væri til

framleiðslu innan Evrópusambandsins væri nú flutt inn annars staðar frá. Hallinn nemur samtals um 5,2 milljónum tonna.

Eftirspurn á heimsvísu hefur hins vegar aldrei verið meiri, yfir 50 milljónir tonna af frumframleiddu áli, auk um 30 milljóna tonna af endurunnu áli, en þess má geta

að hver Evrópubúi notaði að meðaltali um 22 kíló af áli árið 2012.

Í nýlegri skýrslu CEPS sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kom fram að 11% bættust ofan á framleiðslukostnað á áli vegna regluverks Evrópusambandsins. Engin leið er fyrir álframleiðendur í



**Eftirspurn á heimsvísu  
hefur hins vegar aldrei  
verið meiri, yfir 50 milljónir  
tonna af frumframleiddu  
áli, auk um 30 milljóna  
tonna af endurunnu áli**

Evrópusambandsríkjunum að bæta sér það upp með því að velta því út í verðið, því verð á áli ræðst á heimsmarkaði.

Ellefu álverum hefur verið lokað innan Evrópusambandsins frá 2007. Þau álver sem enn starfa innan þess eru með langtímasamninga um orku og hafa því ekki orðið fyrir barðinu á háu orkuverði, en þeir samningar renna flestir út á næstu fimm árum.

Antonio Tajani, iðnaðar- og nýsköpunarstjóri ESB, hefur lýst áhyggjum af þessari þróun. Hann hefur

markað stefnu um „enduriðnvæðingu Evrópu“, þar sem lagt er upp með að iðnaður verði 20% af þjóðarframleiðslu Evrópusambandsins, en nú er hann dottinn niður fyrir 16%. Tajani hefur rökstutt það með því að iðnvæddustu ríki Evrópusambandsins hafi komist best frá bankahruninu.

Götz dró fram á ársfundi Samáls að í þessari þróun fælust tækifæri fyrir Ísland. Evrópusambandið er helsti markaður fyrir ál sem framleitt er hér á landi og nú þegar dregur úr frumframleiðslu á áli innan

Evrópusambandsins verður staðsetning Íslands styrkur, þar sem við erum nálægt mörkuðum í Evrópu.

En þróunin í Evrópu sýnir hins vegar vel hversu mikilvægt er að iðnaður hér á landi búi við samkeppnishæf skilyrði. Áliðnaður er ein af grunnstoðum íslensks efnahagslífs og fjölbreytt atvinnulíf með öflugum iðnaði er forsenda stöðugleika sem byggjandi er á.

*Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls.*

# Góður árangur í umhverfismálum 2013

**Nýjar niðurstöður rannsókna á loftgæðum, ferskvatni, lífríki sjávar, gróðri og búfenaði staðfesta að áhrif álvers Norðuráls á lífríkið eru óveruleg.**

Frá því Norðurál hóf rekstur á Grundartanga árið 1997 hefur farið fram ítarleg vöktun á áhrifum álversins á umhverfi sitt. Vöktunin felur í sér rannsóknir og eftirlit á 59 mæliþáttum í og við Hvalfjörð. Rannsóknirnar eru gerðar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri óháðum aðilum.

Niðurstöður umhverfisvöktunar árið 2013 sýna að losun efna og áhrif álversins á umhverfi sitt eru vel undir öllum viðmiðunarmörkum sem fyrirtækinu er sett í starfsleyfi og reglugerðum. Þeir þættir sem eru vaktaðir eru andrúmsloft, úrkoma, ferskvatn, kræklingur, sjávarset, gras, lauf, barr, sauðfé og hross.

Til álvera á Íslandi eru gerðar miklar kröfur af umhverfisfyrirvöldum og eru þær meðal þeirra ströngustu í heimi.

„Þessi góði árangur er alls ekki sjálfgefinn. Til að hann náist þarf reksturinn

að vera góður og í jafnvægi. Það kallar á öfluga liðsheid, hæfni og kunnáttu starfsfólks Norðuráls og að búnaður uppfylli ströngustu gæðakröfur. Við erum sérstaklega ánægð með þessar niðurstöður umhverfisvöktunarinnar,“ segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Niðurstöður annarra úttekta staðfesta enn fremur að umhverfisrannsóknir hjá Norðuráli séu fyrsta flokks og gefi góða mynd af áhrifum fyrirtækisins á umhverfi sitt.

Sérstaka athygli vekur að losun flúors frá álverinu fer lækkandi þrátt fyrir að framleiðsla Norðuráls hafi aukist um 8000 tonn á síðasta ári. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er losunin langt undir viðmiðunarmörkum.

Meðalstyrkur brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) frá Norðuráli er og hefur verið vel undir viðmiðunarmörkum. Frávik frá gróðurverndarmörkum SO<sub>2</sub> og önnur frávik í umhverfismálum hafa verið rakin til annarrar starfsemi á Grundartanga og


eru óháð starfsemi Norðuráls.

Umhverfisstjórnunarkerfi Norðuráls er vottað samkvæmt alþjóðlega ISO 14001 staðlinum. Vottunin er liður í því að halda utan um og lágmarka umhverfisáhrif fyrirtækisins. Stöðugt endurmat og endurbætur á


ferlum fyrirtækisins á sviði umhverfismála er tryggt.

Skýrsla Umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga og allar sérfræðiskýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu Norðuráls [www.nordural.is](http://www.nordural.is)


LOSUN  
FLÚORS



LOSUN  
SO<sub>2</sub>



LOSUN  
RYKS



---

Til álvera á Íslandi eru gerðar miklar kröfur af umhverfisyfirvöldum og eru þær meðal þeirra ströngustu í heimi.



# Finnst ég eiga svolítið í þessu

Rætt við Halldór Guðmundsson, deildarstjóra framleiðslustýringar

**H**alldór Guðmundsson hóf störf hjá Norðuráli í apríl 1998 og hefur starfað þar síðan. Hann hefur tekið þátt í uppbyggingu fyrirtækisins og finnst í raun að hann eigi svolítið í þessu, eins og hann kemst sjálfur að orði. Halldór er með háskólapróf í eðlis- og efnisfræði og stundaði námið í Ameríku. Kona hans er Birna Magnadóttir og eiga þau tvö börn. Í frístundum hjólar Halldór og ferðast. Sest var niður með honum í Meðalfelli, fundaherbergi á Grundartanga, til að ræða vinnuna, lífið og tilveruna.

## Var á hálfgerðum vergangi í upphafi

„Þegar ég hóf störf hér í apríl 1998 var enn verið að byggja. Ég átti að verða yfirmaður rannsóknastofunnar en hún

**„Efnisfræði snýr í raun að föstum byggingarefnum eins og t.d. málmum, þ.e. maður lærir um öll þau efni sem þú byggir eitthvað úr,“**

var ekki risin, það gerðist ekki fyrr en 1. september sama ár. Ég var því á hálfgerðum vergangi svona til að byrja með. Þegar framleiðslan hófst um miðjan júní það ár þá gat ég sem dæmi ekki rannsakað nein sýni af skiljanlegum ástæðum. Því samdi ég við þau í Straumsvík um að rannsaka fyrir mig. Þá hafði ég fyrirkomulagið þannig að eftir vinnudag keyrði ég með sýnin suður í Straumsvík. Fyrir vikið varð vinnudagurinn oft býsna langur. Svo fékk ég yfirleitt

niðurstöðurnar daginn eftir og þá sendar á faxi, annað var ekki í boði þá. Í fyrstu fólst starfið bæði í rannsókn- og umhverfismálum sem í dag eru tvö störf. En á þessum tíma voru hér svo fáir starfsmenn, fyrirtækið lítið, allir þekktu alla og vissu hvað hver og einn starfaði við. Það hefur mikið breyst,“ segir Halldór og brosir við.

## Eðlis- og efnisfræði

Halldór lærði eðlis- og efnisfræði í Ameríku. En

hvað er kennt í efnisfræði umfram almenna eðlisfræði? „Efnisfræði snýr í raun að föstum byggingarefnum eins og t.d. málmum, þ.e. maður lærir um öll þau efni sem þú byggir eitthvað úr,“ segir Halldór útskýrandi. „Þetta nám á því ágætlega við hér. Ég lærði þetta með álframleiðslu eða álúrvinnslu í huga enda hafði ég verið tíu ár hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands áður en ég hóf störf hér. Á þeim tíma var ég í tengslum við ýmsan málmiðnað áður en ég gerðist launamaður á þessum stað.“ Aðspurður hvort starfið sé einhæft segir Halldór svo ekki vera. „Það eru alltaf breytingar í gangi og þróun á vinnslu- og verkferlum. Það þarf sem dæmi kannski ekki annað en að ein reglugerð eða markaðsaðstæður breytast og þá er allt orðið öðruvísi.“



Halldór Guðmundsson  
deildarstjóri framleiðslu-  
stýringar hjá Norðuráli.

„Ég er fæddur og uppalinn á mölinni og svo mikið reyndar að ég fór **ekki einu sinni í sveit.**“



Halldór fór með hjólið austur á firði í fyrra og getur ekki beðið eftir að endurtaka leikinn.



Þrátt fyrir að segjast ekki hafa smitast nóg að veiðidellunni hefur Halldór þó aðeins borið við að veiða. Hér er hann með börnunum með góðan feng.



Tveir grillhundar. Hundurinn var í heimsókn og Halldór er jafnan kallaður grillhundur heima hjá sér.

## Úr rannsóknastofu í framleiðslustýringu

Til að byrja með var fyrirtækið Norðurál lítið í samanburði við önnur álver; allir starfsmenn þekktust og sömuleiðis störf hvers annars. Margt hefur breyst síðan þá og í dag er Norðurál næststærsta álverið á Íslandi. Framkvæmdir við nýjar byggingar í tengslum við stækkun álversins hófust 2004-2005. „Árið 2006 var stækkunin tekin í notkun og á árinu 2005 fór ég yfir í framleiðslustýringuna úr rannsóknastofunni,“ segir Halldór og heldur áfram: „Mér fannst bara kominn tími til að breyta til. Í framleiðslustýringu er verið að reyna að hámarka framleiðsluna á umhverfisvænan, öruggan og hagkvæman hátt. Kerskálinn er sú eining í fyrirtækinu sem þarf mikið eftirlit til að takmarka mengun. Svo eiga kerin að vinna vel og sama gildir um starfsfólkið. Því þarf að þróa breytingar á öllum sviðum og innleiða þær. Sérsvið mitt

lítur að gæðum hráefna. Ég hef verið deildarstjóri í framleiðslustýringu en hef nú menn í vinnu til að sinna þessu. Það verður að viðurkennast að nokkurn tíma hefur tekið að finna rétta fólkið, enda á að ráða fólk hægt, taka sér tíma í það. Sem stendur er ég þó í láni í steypuskálanum í sérverkefni. Nú kemur í ljós hversu vel mér hefur gengið að þjálfa upp starfsfólkið,“ segir Halldór brosandí.

## Fengið að þróa og finna út

„Það verður að viðurkennast að mér finnst ég eiga svolítið í þessu fyrirtæki og uppbyggingu þess. Ég hef haft frelsi til að þróa ýmislegt, finna hvað hentar og er hagkvæmt að gera. Það er ómetanlegt. Á þessum vinnustað höfum við bæði verið í því að finna upp hjólið og ekki. Við höfum aldrei haft neitt sérstakt bakland eins og hin íslensku álverin sem hefur sína kosti og

galla. Tæknin í kerskálanum er til dæmis í eigu Hydro og þeir voru til skamms tíma að ráðleggja okkur varðandi framleiðsluaukningu. Auk þess höfum við haft góða sjálfstæða ráðgjafa með okkur í liði. Fyrir vikið höfum við haft ákveðið frelsi til að gera hluti eins og við viljum og hentar fyrirtækinu. Frá móðurfélagið okkar Century Aluminum höfum við ekki fengið mikið af fólki til að kenna okkur, heldur höfum við frekar verið í því hlutverki að ráðleggja öðrum. Það er líka skemmtilegt. En svona fyrirtæki er eins og klukkaverk, öll tannhjólín þurfa að virka og vinna saman svo allt gangi upp.“

## Frá fjallamennsku á hjól

Í frítímanum gerir Halldór allt aðra hluti. Einu sinni segist hann hafa dundað við að hlaupa, meðal annars á fjöll og jökla, en vegna álagsmeiðsla hefur hann að mestu lagt hlaup

á hilluna en er farinn að hjóla og keypti sér göturiðhjól. „Ég byrjaði svo aðeins að keppa í fyrra og finnst þetta bara gaman en alla jafnan hjóla ég um 100-200 km á viku. Ég bý í Hafnarfirði og þar er nóg af skemmtilegum leiðum til að hjóla eftir. Reyndar forðast ég stóru umferðargötturnar eins og kostur er, fer mikið upp í Heiðmörk og þræði hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu en út fyrir malbikið fer ég ekki, enda er þetta götuhjól sem ég nota.“ Halldór segist reyna að hjóla eins oft og hann geti. Það sé gott að fara einn út, hugsa málin og hreinsa hugann. Eiginkonan komi stundum með en oftast sé hann einn.

Á meðan Halldór stundaði fjallgöngur var hann hins vegar yfirleitt í hópi og hæsti tindur sem hann hefur klifið var í Klettafjöllum á meðan hann stundaði nám í Ameríku, 4.200 metrar. „Þar var ég reyndar einn á ferð og komst að því að mér líkar betur við að ganga fyrir ofan trjálínu. Maður sér





Halldór og Birna með börnunum sínum.



Hætti á toppnum. Fjórtán ára gamall veiddi Halldór tvo laxa í Brennunni í Þverá. Hann var smávaxinn eftir aldri en laxarnir voru 22 pund og sá smærri 12-15 pund.



Fjölskyldan hefur ferðast mikið til Frakklands. Hér eru Birna og börnin í einni ferðinni.

ekkert í þessum skógum og meira segja tókst mér aðeins að villast þegar ég var þarna á ferðinni. Líklega er það vegna þess að hér á landi sér maður yfirleitt til allra átta og getur bara tekið stefnuna sjónrænt. Það gerir maður ekki í skógi.“

### Ferðast töluvert

Þau hjónin Halldór og Birna eru nokkuð dugleg að ferðast, bæði innanlands og utan. „Konan mín og örlagavaldur í lífi mínu, er frá Austfjörðum og svo á hún ættingja á Norðurlandi. Við förum því hringinn yfirleitt einu sinni eða tvisvar á ári. Á síðasta ári tókst mér að drösla hjólunum með austur og við notuðum þau töluvert þegar við vorum þar. Nú get ég ekki beðið eftir að endurtaka þetta. Við höfum einnig farið mikið til Frakklands. Konan lærði frönsku og því hef ég notað hana bæði sem túlk og leiðsögumann. Ein skemmtilegasta ferð sem ég hef farið á franska

grund var farin í tilefni af fimmtugsafmælinu mínu 2011. Þá voru í raun slegnar tvær flugur í einu höggi. Farið til Frakklands en einnig til smábæjar

### Bara úr Hlíðunum

Eins og fram hefur komið er eiginkona Halldórs að austan en hvaðan er hann sjálfur? „Ég er nú bara úr Hlíðunum,“ segir Halldór að bragði. „Ég er

## „Konan mín og örlagavaldur í lífi mínu, er frá Austfjörðum og svo á hún ættingja á Norðurlandi. Við förum því hringinn yfirleitt einu sinni eða tvisvar á ári.“

þar sem ein dagleiðin í hjólreiðakeppninni Tour de France var haldinn. Það var upplifun,“ segir Halldór og brosir við endurminningunni. „Stemningin í bænum var ótrúleg, gríðarlegur mannfjöldi og skemmtilegt. Þetta var eiginlega eins og að vera lentur á útihátíð og rokktonleikum á sama tíma.“

fæddur og uppallinn á mölinni og svo mikið reyndar að ég fór ekki einu sinni í sveit. Hins vegar áttu foreldrar mínir sumarþustað uppi í Varmárdal í Mosfellssveit og á þeim tíma, þegar ég var að alast upp, var maður eiginlega kominn upp í sveit þegar þangað var komið. Ég kíkti nú svo sem aðeins yfir girðinguna

á lífið á sveitabænum sem var þarna rétt hjá en um aðra sveitavist var ekki að ræða. En fyrirkomulagið hjá foreldrum mínum var þannig að það var eiginlega flutt í sumarþustaðinn á vorin og aftur heim að hausti. Pabbi keyrði bara í vinnuna á hverjum morgni.“

### Hætti á toppnum

Í sumarþustaðnum í Varmárdal var ekki bara stunduð skógrækt heldur var einnig rennt fyrir fisk í Leirvogssánni. Aðspurður segir Halldór að ekki hafi tekist nægjanlega vel að smita hann af veiðidellunni. „Ég prófaði þetta nú samt á þessum árum og foreldrar mínir fóru einnig aðeins upp í Borgarfjörð að veiða. Þar veiddi ég 22 punda lax, í Brennunni, aðeins fjórtán ára gamall. Ég hef ekki fengið annan stærri lax á ævinni og segi því fullum fetum að ég hafi hætt á toppnum,“ segir Halldór Guðmundsson að endingu.

# Fjárfestingar og endurbætur í Steypuskála

## Ofn 4 endurfóðraður

**Það er hluti af viðhaldi í steypuskála að endurfóðra ofna.**

Ofn 4 var orðinn 8 ára án viðhalds á fóðringu en í vor varð breyting þar á. Samið var við þýska fyrirtækið Refratechnik um verkið.

Lokið var við að fjarlægja gamla múrinn úr ofninum í lok aprílmánaðar. Þá tók við ýmis stálvinna vegna segulhræru sem hjálpar okkur við blöndun á melmi í ofninum en sá búnaður á einmitt að hjálpa okkur við blöndun á melmi í ofninum. Áætlað er að þessi ofn verði

í framtíðinni eingöngu notaður sem íblöndunarofn. Sú framleiðsla á að gefa meira af sér en það ál sem við höfum framleitt hingað til.

Einnig er verið að endurnýja „inn-hellistól“ fyrir ofninn sem kemur til með að bæta vinnuáætlaður og lækka rekstrarkostnað.

Fóðrun á ofninum hófst í maí og lauk í byrjun júní. Þá tók við upphitun og þurrkun í 9 daga. Ofninn er nú kominn í fullan rekstur.

*Aðalheiður Skarphéðinsdóttir sérfræðingur í steypuskála*






# Nýir lyftarar með bættum útblástursbúnaði

Allir nýir 8 tonna lyftara sem keyptir eru til Norðuráls hafa sóthreinsibúnað.

Búnaðurinn á að draga úr sóti sem kemur frá farartækinu um 90 prósent að sögn framleiðanda. Þegar höfum við fengið fjóra lyftara með þessum búnaði og þeir sem keyptir verða í framtíðinni munu hafa þennan búnað. Mynd nr. 1 sýnir hljóðkút lyftarans en inni í honum er brennari sem eyðir sótinu. Í mælaborði lyftarans má sjá stöðu sótbrennara. Þegar lyftarinn er í gangi er brennarinn allaf að en þegar hann nær fimmta striki hefst brennsluferlið. Þessi búnaður á að bæta



Mynd 1



**Þessi búnaður á að bæta umhverfi starfsmanna til muna**

umhverfi starfsmanna til muna en sífelld þróun á sér stað í hönnun farartækja til að gera þau umhverfisvænni.



Display panel

Í mælaborði sést staða sótbrennans, þ.e. hvort hann er að brenna eða í sótsöfnunarstöðu.



Mælaborð lyftarans og þær aðvaranir sem upp kunna að koma



Norðurláslíðið: Einar F. Björnsson, Torfi Dan Sævarsson, Kristinn Bjarnason, Ágúst Dearborn og Ármann Snær Torfason.

## Þorir þú að vera fatlaður?

**S**umardaginn fyrsta tók Norðurál þátt í firmakeppni til styrktar sumarbúðum fatlaðra barna í Reykjadal. Meðal keppnisgreina var hjólastólahandbolti þar sem Norðurál átti lið ásamt Landsbankanum, Símanum og HK.

Lið Landsbankans sigraði eftir æsispennandi keppni, en þess má geta að liðið var skipað gömlum landsliðskempum úr handbolta á borð við Atla Hilmarrson, Júlíus Gunnarsson og Guðmundu Kristjánsdóttur.

Í öðru sæti var HK, sem einnig er landslið Íslands í hólastólahandbolta. Lið Norðurláls sem barðist hatrammlega endaði í þriðja sæti og Síminn í því fjórða.

Þorir þú? verkefnið var unnið í tengslum við MPM nám við HR sem Torfi Dan Sævarsson, verkefnastjóri hjá Norðurláli lagði stund á í vetur. Það skilaði vel heppnaðri skemmtun, fáeinum marblettum hjá þátttakendum og tæpum þremur milljónum króna sem renna óskiptar til starfsins í Reykjadal.





Eins og glögg má sjá var baráttuandinn mikill en menn héldust misvel í stólunum.

# Gengið á Eyjafjallajökul

Tíu starfsmenn Norðuráls Gengu að Guðnasteini í Eyjafjallajökli í apríl s.l. Ekið var austur að Eyjafjallajökli snemma morguns og gengið frá Seljavöllum. Sannkölluð rjómablíða var allan daginn og mikið útsýni til allra átta. Gangan gekk vel og tók tæpar tíu klukkustundir. Áður en haldið var heim á leið skelltu ferðalangar sér í grænlistaða Seljavallalaug en slíkur var gróðurinn í lauginni.



Útsýnið var ægifagurt af toppnum en sjá má Tindfjallajökul og Heklu. Ef grannt er skoðað þá sést að enn rýkur úr eldstöðvunum í Eyjafjallajökli frá eldgosinu 2010



Haldið í átt að Guðnasteini sem er í um 1.651 m.y.s.



Norðurálshópurinn kominn á toppinn. F.v. : Hans Hafsteinn Þorvaldsson, Kristmundur Einarsson, Aron Kristinn Jónsson, Ingibjörg Helga Ingólfssdóttir, Hjálmar Jónsson, Eydís Líndal, Þróstur Vilhjálmsson, Þórir Helgason og Trausti Gylfason



Hluti hópsins í grænni Seljavallalaug. Varasamt er að stinga sér til sunds frá bakkanum, ekki er víst að sundmenn rati upp á yfirborðið aftur vegna gróðurs.



Sólstafir í allskyns litum voru sýnilegir göngumönnum



Félagarnir Aron og Hjálmar af Aðalverkstæðinu hvíla lúin bein

# Stóriðjuskólinn á fullu stími

**T**veir hópar í Stóriðjuskóla Norðurláms munu halda áfram námi í haust. Báðir hópar eru að hefja þriðju og síðustu önnina. Námið var heldur endasleppt í vor þar sem hættu þurfti starfsemi skólans vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Hóparnir munu þó fá tímana bættu sem uppá vantaði þegar skólinn tekur til starfa á ný í byrjun september.

Nemendur hafa haft ýmislegt fyrir stafni frá því að skóla lauk í vor. Sigurbjörg Jenný Sigurðardóttir og

Arnar Baldvinsson eru bæði nemendur í grunnnáminu.

Jenný fór eftir að skóla lauk í vor í vetrarfrí með vinafólki til Flórída. Þar spilaði hún golf og hafði það gott í góðum félagsskap og frábæru veðri. „Ég er búin að vera í sumarfrí núna og er nýkomin frá því að heimsækja eldri son minn sem býr í Odense í Danmörku. Ég dvaldi þar í viku tíma, skoðuðum okkur um á Fjóni og keyrðum yfir til Þýskalands,“ segir Jenný.

Arnar Baldvinsson er sömuleiðis búinn að hafa nóg fyrir stafni eftir að skóla lauk. „Ég var að klára fyrri hlutann

af menntastöðum á Akranesi núna í júní og byrjar seinni hlutinn á svipuðum tíma og Stóriðjuskólinn þannig að námið og vinnan er búin að taka vissan toll af fjölskyldulífinu. Ofaná þetta allt saman var undirbúningur fyrir brúðkaup en ég gifti mig 14. júní, þannig að það er búin að vera nóg að gera. Í sumar ætla ég að njóta þess að vera í fríi með með fjölskyldunni,“ segir Arnar. Jenný og Arnar eru



▼ Jenný undirbýr sveifluna í sólinni í Flórída.







▲ Arnar og fjölskylda með sparisvipinn á stóra deginum.

sammála um að haustönnin leggist vel í þau. Arnar segir Stóriðjuskólann vera mjög skemmtilegt verkefni sem ýtti honum úti meira nám. Guðrún Vala, náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntun, vakti áhuga hans fyrir meira námi og í kjölfarið kviknaði áhuginn á Stóriðjuskólanum.

Þau hlakka bæði til að hitta skólafélagana og takast á við verkefni vetrarins.

Það verður nóg að gera hjá nemendum á báðum stigum Stóriðjuskólans í haust. Framundan hjá nemendum í grunnnámi eru m.a. námsgreinarnar rafgreining, steypuskáli og lokaverkefni þar sem nemendur heimsækja ýmsar deildir fyrirtækisins

og kynna sér ferlana og verkin sem þar eru unnin. Nemendur í framhaldsnámi hefja í haust nám í iðnstýringum og reglun, ensku, rafmagnsfræði, vökvakerfi, loftstýringum og lokaverkefni þar sem þau munu kynna verkefnastjórnun og vinna að hagnýtum verkefnum.

Um áramót munu síðan báðir hóparnir útskrifast, en þetta er annar hópurinn sem útskrifast úr grunnnámi og fyrsti hópurinn til að útskrifast úr framhaldsnámi. Þá munu nýir hópar hefja nám um áramót og verða bæði skólastig auglýst opin til umsókna í haust.

Grunn-námið er fyrir almenna starfsmenn sem hafa aflað sér verklegrar reynslu

og þekkingar í stóriðju og viðmiðið er að þeir hafi starfað hjá Norðuráli í að lágmarki 30 mánuði. Framhaldsnámið er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi og fyrir iðnaðarmenn. Við val á umsækjendum er m.a. horft til starfsaldurs, mætingarsögu og öryggisvitundar og lögð áhersla á jafna dreifingu á milli deilda. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um þegar þar að kemur.

*Harpa Björg  
Guðfinnsdóttir  
fræðslustjóri*

## STÓRIÐJUSKÓLI NORÐURÁLS

Norðurál hefur starfrækt stóriðjuskóla frá árinu 2012. Skólinn er rekinn í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi, kennarar við Fjölbrautaskóla Vesturlands taka þátt í kennslunni sem og sérfræðingar Norðuráls. Við útfærslu á náminu er stuðst við Námskrá um nám í stóriðju, sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins



## Sumarhátíð STNA

á Þórisstöðum  
helgina  
27-29 júní





# Norðurál gaf Þorpinu tvö frístundahjól

Í vor sem leið fékk fríundaheimilið Þorpið á Akranesi góða gjöf frá Norðuráli. Fyrirtækið flutti inn frá Kanada tvö tveggja manna þríhjól, sem eru þannig að starfsmaður getur hjólað með barni eða tveir fullorðnir saman og henta þannig öllum aldurshópum. Hjólin nýttast því í öllu starfi Þorpsins en þar eru börn frá 10 ára aldri og upp í ungmenni á aldrinum 16-25 ára. „Það hefur sýnt sig í sumar að þessi hjól eru ómetanleg fyrir okkur. Þau gera það að verkum að við getum farið með allan hópinn í hjólaferðir. Í Gaman-saman starfi okkar í sumar voru t.d. börn sem gátu ekki hjólað sjálf, en þar sem við vorum með hjólin kom það ekki að sök, það gátu allir verið með. Við fórum t.d. í hjólaferðir á Breiðina, að Langasandi og upp í Skógrækt,“ segir Ruth Jörgensdóttir Rauterberg þroskaþjálfari sem stýrir starfi Gaman-saman í Þorpinu á Akranesi.

Ruth segir að eina vikuna hafi verið sirkusþema þar sem hópur barna æfði nokkur sirkusatríði



Unglinganir fóru í hjólaferðir í maí. Hér eru Auður Freydis Þórsdóttir og Veronika Lind Elvarsdóttir við Þorpið.



Sirkus Babba er hér við leikskólann Vallarsel.

sem sýnd voru á leikskólum í bænum. Sirkusinn fór einmitt á milli leikskólanna á hjólunum. „Hjólin eru nefnilega mjög praktísk. Það er stór karfa aftan

á þeim og því hægt að flytja helling af dóti milli staða. Það var líka hægt að nýta þau til að fara í matarinnkaup með krökkunum. Í okkar starfi erum



Elís Aron Bjarkason og Ólafur Valur Valdimarsson starfsmaður í Garðalundi.



Þorpið var með Gaman-saman sumarstarf fyrir 10-12 ára börn í júní. Eina vikuna var fjöruþema og allur hópurinn hjólaði á Breiðina til þess að skoða fjörunnar þar. Á rauða hjólinu eru Ruth Jörgensdóttir og Helena Rut Káradóttir. Á bláa hjólinu: Auður Freydis Þórsdóttir starfsmaður í Þorpinu og Elís Aron Bjarkason.

við að reyna að skapa umhverfi og aðstæður þar sem allir geta tekið þátt á sínum forsendum. Hjólin spila stórt hlutverk í því að yfirstiga hindranir til þátttöku. Við í Þorpinu viljum þakka Norðuráli kærlega fyrir þessa frábæru gjöf,“ segir Ruth.

## Hver er?

### Bjarni Guðnason

**Starf:** Deildarstjóri Fjárfestingaverkefna

**Fæðingarstaður, -dagur:** Höfn í Hornafirði 21.05.1973

**Fjölskylduhagir:** í Sambúð

**Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli?** Í janúar 2014

**Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?** Að njóta náttúrunnar.

**Aðaláhugamálið?** Útivist, sportveiði og ferðalög

**Uppáhalds matur?** Humar

**Uppáhalds drykkur?** Gin og Tonic

**Ertu hjátrúafull/ur?** Nei

**Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta?** Martin Luther King

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Family Guy

**Besta bókin sem þú hefur lesið?** Who stole my cheese

**Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á?** Aretha Franklyn

**Uppáhalds íþrótt eða hreyfing?** Hlaup

**Lýstu þér í þremur orðum?**



Bjarni og kona hans Írena Morera.

**Sérvitur, erfiður, mannvænn**  
**Fallegasti staður á Íslandi?** Lónsöræfi  
**Til hvaða lands langar þig mest að ferðast?** Kína en

**Svartfjallaland er næst á listanum**  
**Framtíðarplön?** Já umfangsmikil

# Sól og grill

*Það hefur ekki rignt í allt sumar og við höfum myndir sem sanna það. Þegar sólin braust fram í fyrstu vikunni í júní var grillið dregið fram og mötuneyti Norðurlás snarlega breytt í útveitingastað.*



## Sudoku

Auðveld

6		1	8	2	3			
	2		4		9			
8		3		5	4			
5		4	6	7			9	
	3					5		
7		8	3	1	2			
		1	7		9	6		
	8		3		2			
3		2	9	4				5

Meðal

			8	4				9
		1						5
8				2	1	4	6	
7	8						9	
	5					3	1	
	2	4	9	1				7
9						5		
3				8	4			

Erfið

5	4		2	9				1
			5					4
		7				9		
8				3			6	7
			6	5				
9	3			1				2
		1				6		
2					6			
3			1	7			4	9



Toppmennirnir: Guðmundur Ásgeir Ólafsson, Sigurður Arnar Sigurðsson og Sævar Pálsson

## Gengið á Heiðarhorn

### Nokkrir vaskir starfsmenn verkfræðideildar gengu á Heiðarhornið í fylgd heimamannsins Sigurðar Arnars Sigurðssonar.

**F**erðin var farin í júní, lagt var af stað frá Tungu og gengið upp með Skarðsá og upp Skarðsdalinn.

Þegar hópurinn nálgadist tindinn þéttist þokan og hamlaði öllu útsýni þegar toppnum var náð. Það kom þó ekki að sök þar sem jákvæðnin var með í för og strax ákveðið að fara aðra ferð fljótlega. Eftir að tindinum var náð var gengið með hryggnum og fram á Skarðshyrnu. Þar var sama uppá teningnum, þoka yfir. Gengið var niður Skarðshyrnu að vestanverðu og þá fór heldur að létta til og útsýni blasti við ferðalöngum. Gengið var niður meðfram Skessubrunnum þar sem fararstjóri sagði sögu af skessu sem bjó í Skarðsheiði fyrr á öldum, lagðist á ferðafólk og

grandaði allt þar til bóndinn á Grund í Skorradal vóg hana.

„Það er sagt að tröll voru í fyrndinni á Skarðsheiði í Borgarfirði. Voru það skessur tvær og gjörðu þær mein mönnum [og] skepnum svo af lagðist vegurinn. Þær bjuggu í hömrum þeim sem eru vestur



frá Miðfitjum. Sátu þær oft á Miðfitjahól, á kletti þeim er síðan er nefndur Skessusæti.

Einu sinni fór bóndinn frá Grund í Skorradal suður fyrir heiðina og fór hann heiðina til

baka, fann þá skessu á leiðinni, og segir ekki af viðskiptum þeirra. Bóndi kom heim um kveldið og dró eftir sér dauða hryssuna sem hann hafði riðið. Sjálfur var hann dasaður mjög og lagðist hann og lá svo sem viku eftir og dó síðan. Var það af viðureign skessunnar.

Það sagði hann að óhætt mundi að fara um veginn eftir þetta. Fóru þá nokkrir menn yfir heiðina og sáu þeir traðk mikinn hjá Miðfitjahól. Úr traðki þessum sáu þeir slóð

eina. Hún lá vestur á fjallið og var hún öll með blóðdrefjum. Lá hún upp að hamri einum og upp hamarinn. Þar sáu þeir helli upp í hamrinum, en engi gat komizt upp í hellinn, svo var hamarinn hár og brattur. Þóttust menn nú sjá að þau höfðu orðið hvort annars bani, skessan og bóndinn.

Aðrir segja að klukkur hafi verið hengdar upp á Miðfitjahól og hafi þá skessurnar orðið fældar burtu með því, en ei má vita hvorir sannara segja. Nú eru engi tröll á heiðinni svo menn verði varir við.“

Gengið var úr Vatnadal, þar sem áður var skíðaskáli yfir að línuvegi og niður með Götukletti áleiðs að bænum Neðra-Skarði þar sem fararstjóri og fjölskylda bauð uppá rjúkandi kjötsúpu, að sjálfsgöðu upphitaða 2ja daga gamla. Skemmtileg ferð að baki og allir ferðalangar saddir og sáttir.

*Sigurður Arnar Sigurðsson  
verkefnastjóri  
fjárfestingaverkefna*

# Golfsumarið 2014

**P**egar golfsumarið hjá **GONA** er fast að því hálfnað, hafa tvö mót farið fram, þar af eitt **GONA** mót sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru. Þátttaka í mótinu var með dræmara mótí og endurspeglar það fjölda í golfklúbbnum þetta árið, sem er með minnsta mótí. Ellefu vaskir starfsmenn Norðurláls mættu til leiks á Suðurnesjunum þann 6. júní og léku golf við ágætustu skilyrði. Úrslit þessa fyrsta móts voru eftirfarandi:

- 1. sæti Ragnar Guðmundsson** með 33 punkta
- 2. sæti Páll Halldór Sigvaldason** með 32 punkta (18 á seinni níu)
- 3. sæti Lárus Hjaltsted** með 32 punkta (16 á seinni níu)

Hið árlega **Stótiðjumót** var haldið á Garðavelli föstudaginn 20. júní og mættu 32 kylfingar til leiks, frá **ELKEM**, **ÍSAL** og **Norðurláli**. Þátttaka frá Norðurláli var með ágætum og mættu 18 kylfingar frá okkur til leiks sem skipuðu 5 sveitir.



Árangur Norðurláls í mótinu var frábær þetta árið og áttum við þrjár af fjórum efstu sveitunum í keppninni, þar af bæði fyrsta og þriðja sætið. Úrslit í sveitakeppninni voru sem hér segir:

- 1. sæti Norðurlál, sveit 3** með 97 punkta Kristvin Bjarnason „Einvaldur“, Reynir Ingimarsson, Sigurður Grétar Davíðsson
- 2. sæti Elkem, sveit 1** með 96 punkta
- 3. sæti Norðurlál, sveit 2** með 95 punkta Bjarki Georgsson, Vilhelm Jónsson, Bjarni Borgar Jóhannsson, Guðlaugur Kristinsson  
Í einstaklingskeppninni hrepptu

Norðurlálmenn þrjú af fjórum efstu sætunum, þar á meðal annað og þriðja sætið. Úrslit urðu eftirfarandi:

- 1. sæti Jón Örn Ómarsson, ELKEM** (37 punktar - fleiri á seinni 9)
- 2. sæti Pétur Ottesen, Norðurlál** (37 punktar)
- 3. sæti Sigurður Grétar Davíðsson, Norðurlál** (36 punktar - fleiri á seinni 9)
- 4. sæti Lárus Hjaltsted** (36 punktar)

Í högguleik án forgjafar varð Jón Örn Ómarsson frá ELKEM hlutskarpastur á 75 höggum Til að fullkomna glæsilega frammistöðu Norðurláls nældu

okkar menn sér í 75% allra náandarverðlauna á þar 3 brautum vallarins.

## Náandarverðlaun

- Hola 3. Bjarki Georgsson, Norðurláli** 3,55 m  
**Hola 8. Halldór Þórólfsson, ÍSAL** 7,69 m  
**Hola 14. Einar Ottó Jónsson, Norðurláli** 2,81 m  
**Hola 18. Búi Gíslason, Norðurláli** 3,86 m

Keppnin var gríðarlega jöfn og spennandi og réðust úrslit oftar en ekki á betra skori á seinni 9.

Við óskum kylfingum Norðurláls og ekki síst Kristvini Bjarnasyni „Einvaldi“ til hamingju með frábæran árangur.

Næsta mót er GONA mót og verður haldið í Borgarnesi 25. júlí. Hvetjum við alla til þátttöku og vonumst eftir aukinn skráningu í golfklúbbinn.

*Umsjónarmenn GONA  
Bjarni Ólafsson  
Guðjón Viðar Guðjónsson  
Pétur Ottesen*



TAKIÐ DAGINN FRÁ !

**22.11.2014**

árshátíðarnefnd


# ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐIS- STEFNA

Norðurál hefur öryggi og heilbrigði fólks í fyrirrúmi. Norðurál leggur áherslu á virkan þátt starfsmanna í forvörnum og stöðugum umbótum. Norðurál stuðlar að aukinni öryggis- og heilbrigðisvitund með fræðslu og þjálfun. Norðurál uppfyllir lög og reglur um öryggis- og heilbrigðismál.


Öryggis- og heilbrigðismarkmið Norðuráls eru:



**Að vera öruggur  
vinnustaður**



**Aukin þátttaka  
starfsmanna  
í forvörnum**



**Að vernda heilsu  
starfsmanna**